

Skattavakt PwC

Fréttabréf Skatta- og lögfræðisviðs

6.-7. tölublað 2012

Skattavaktin er mánaðarlegt fréttabréf PwC þar sem sérfræðingar á Skatta- og lögfræðisviði félagsins skrifa um athyglisvert efni tengt skattarétti. Leitast er við að gera grein fyrir nýju efni, hvort sem um er að ræða dóma, lög, frumvörp, úrskurði eða stjórnvaldsákvæðanir.

pwc

Efnisyfirlit

Dómur Evrópudómstólsins í máli nr. C-618/10

Evrópuðómstólinn komst að þeirri niðurstöðu að heimilt sé að víkja óréttmætum samningsskilmála til hliðar og að samningurinn skuli að öðru leyti halda gildi sínu.

Hæstaréttardómur nr. 347/2012

Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms um skyldu lögmanns til að afhenda skattrannsóknarstjóra tiltekin gögn.

Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-4614/2011

Deilt var um hvort vaxtagjöld sem til féllu vegna láns sem B ehf. tók til að fjármagna kaup á hlutabréfum í P hf. teldust til rekstrarkostnaðar og væru þannig frádráttarbær.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 3/2012

Ríkisskattstjóri fékk fyrirspurn um eignfærslu á eignarhlut í samlagsfélagi í stofni til auðlegðarskatts

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 2/2012

Fyrirspurn til ríkisskattstjóra varðaði meðferð gengismunar í samræmi við lög 90/2003 þegar um væri að ræða gengistryggð lán sem hefðu verið endurútreiknuð.

Dómur Evrópudómstólsins í máli nr. C-618/10

Málsatvik voru á þá leið að banki á Spáni höfðaði mál á hendur einstaklingi til greiðslu eftirstöðva skuldar sem viðkomandi var í vanskilum með. Samkvæmt samningi aðila skyldu dráttarvextir vera 29% og var það sá skilmáli sem málið reis af.

Í dómi Evrópudómstóllinn segir að það sé skylda dómstóla í aðildarríki að meta að eigin frumkvæði hvort einhliða saminn skilmáli í neytendasamningi sé óréttmætur, enda séu öll gögn fyrirbyggjandi og lagaleg skilyrði að öðru leyti uppfyllt. Spænsk lög sem hamli þessu mati dómstóla séu ekki í samræmi við tilskipun 93/13.

Í dómunum segir einnig að komist dómstóll í aðildarríki að þeirri niðurstöðu að einhliða saminn samningsskilmáli sé óréttmætur beri dómstólnum að vikja þeim skilmála til hliðar þannig að hann sé ekki bindandi fyrir neytandann, en að öðru leyti skuli samningurinn halda gildi sínu standi lög því ekki í vegi.

Jafnframt tók dómstóllinn það fram að ef það væri heimilt að breyta samningsskilmálum myndi það draga verulega úr þeim letjandi áhrifum sem tilskipun 93/13 er ætlað að hafa. Ef lánveitendur vissu að möguleiki væri á að óréttmætur samningsskilmáli yrði endurskoðaður fyrir dómi myndu þeir freistast til að nota slíka skilmála í þeirri vissu að dómur myndi taka tillit til hagsmuna þeirra. Slíkt gengi þvert gegn markmiðum tilskipunar 93/13 og því væri óheimilt að taka nokkurt tillit til hagsmuna lánveitenda við þessar aðstæður.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 347/2011

Með dómi Hæstaréttar var leyst úr deilu sem spannst vegna afhendingar á gögnum til Skattrannsóknarstjóra ríkisins. Var með honum staðfestur úrskurður héraðsdóms þar sem lögmanni var gert skylt að láta í té yfirlit yfir nöfn og kennitölur allra þeirra sem leitað hefðu til hennar eftir lögfræðiaðstoð, vegna viðskipta við tiltekinn einstakling eða einkahlutafélag í hans eigu á tilteknu tímabili. Var afhendingin talin skyldubundin á grundvelli 94. gr. laga nr. 90/2003 með vísan til þess að það ákvæði gengi

framar þagnarskylduákvæði 22. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt.

„Viðtæk skylda hvílir á öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, til að láta skattyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau biðja um, sbr. 94. gr. laga nr. 90/2003. Játa verður skattyfirvöldum rúmar heimildir til mats um það hvenær slíkra upplýsinga er þörf. Það mat verður þó að vera málefnalegt og fara að reglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, þar á meðal verður að gæta hófs í beitingu úrræða, sbr. 12. gr. þeirra laga. Dómstólar eiga mat um það, hvort réttmætar ástæður liggja fyrir beiðninni. Eftirlit sóknaraðila er í samræmi við hlutverk skattyfirvalda, sbr. 102. gr. laga nr. 90/2003. Verður ekki annað séð en að málefnalegar ástæður hafi legið að baki beiðni sóknaraðila. Í 5. mgr. 94. gr. laga nr. 20/1993 er tekið fram að ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víki fyrir ákvæðum 94. gr. laganna. Þar sem ákvæði 94. gr. laga nr. 90/2003 felur í sér skyldu til að veita upplýsingar og telja verður ákvæðið sérákvæði gagnvart ákvæðum 22. gr. laga nr. 78/1998 gengur nefnd 94. gr. ákvæðum laga nr. 78/1998 fram. Beiðni sóknaraðila er rökstudd, undirbúin og afmörkuð með þeim hætti að telja verður hana réttmæta, og er varnaraðila skylt að verða við henni. Ákvæði 71 gr. stjórnarskrárinnar koma ekki heldur í veg fyrir það, að umbeðnar upplýsingar verði veittar. Með hliðsjón af þessu verða kröfur sóknaraðila teknar til greina svo sem í úrskurðarorði er mælt fyrir um.“

Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-4614/2011

Með dómi héraðsóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 13. júní 2012 var íslenska ríkið sýknað af kröfum Toyota á Íslandi ehf. Stefnandi krafðist m.a. ógildingar á úrskurði ríkisskattstjóra dags. 17. nóvember 2010 í máli stefnanda.

Ágreiningurinn í málinu snerist um það hvort að vaxtagjöld sem til féllu vegna láns sem Bergey ehf. tók til að fjármagna kaup á hlutabréfum í P. Samúelssyni hf. teldust til rekstrarkostnaðar og væru þannig frádráttarbær frá skattskyldum tekjum síðarnefnda félagsins eftir að það hafði yfirtekið hið fyrrnefnda.

Í niðurstöðum dómsins er ekki fallist á vaxtagjöld lögaðila séu frádráttarbær óháð því hvernig til þeirra skulda var stofnað sem vaxtagjöldin stafa af. Ákvæði 2. mgr. 29. gr. tekjuskattslaga hefur að geyma skilyrði fyrir frádráttarbærni gjalda en í ákvæðinu kemur fram að lögaðilum sé heimilt að draga frá tekjum sínum þau gjöld sem ganga til að afla teknanna, tryggja þær eða halda þeim við.

Þá kemur ennfremur fram í dómnum að þegar Bergey ehf. hafði sameinast dótturfélagi sínu hafi grundvöllur frádráttarins brostið. Lánið hafi nýst til eignaukningar Smáeyjar ehf., móðurfélags stefnanda, þótt félagið sem keypt hafði verið greiddi afborganir og vexti. Ennfremur taldi dómariinn ósannað að skapast hefði bindandi venja um úrlausn þess atriðis sem deilt var um í máli þessu.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 3/2012

Í fyrirspurn til ríkisskattstjóra var spurt um eignfærslu á eignahlut í samlagsfélagi í stofni til auðlegðarskatts. Í svari ríkisskattstjóra segir að eigandi í samlagsfélagi skuli eignfæra stofnfé sitt á framtali og skiptir ekki máli hvort félagsmaðurinn ber ótakmarkaða ábyrgð á fjárskuldbindingum samlagsfélagsins eða ekki. Þá segir að eignarhlutur í samlagsfélagi eigi að eignfærast á markaðsverði eða skattalegu eign fé hvort sem maður á í félaginu beint eða óbeint í gegnum hlutafélag. Það er því mat ríkisskattstjóra að við ákvörðun á stofni til auðlegðarskatts skuli eignfærsla í samlagsfélagi miðast við markaðsverð eða hlutdeild eigandans í skattalegu eigin fé félagsins. Ekki er fallist á þá röksemd að eignarhlutir í samlagsfélagi séu ekki framtalsskyldir þar sem óvíst sé um fjárhagslegt gildi þeirra þar sem samþykki allra eigenda þurfi fyrir því að selja, veðsetja eða ráðstafa eignarhlutum með öðrum hætti. Takamarkanir á heimild til sölu eignarhluta í hlutafélagi hafa ekki orðið til þess að hluthöfum hafi ekki borið að eignfæra hlutabréf í félaginu á framtali sínu.

Að síðustu gerir ríkisskattstjóri grein fyrir því að í 75. gr. laga nr. 90/2003 komi fram hvaða skuldum skuli gera grein fyrir á framtali og að með vísan 2. málslíðs greinarinnar er það álit ríkisskattstjóra að við ákvörðun á auðlegðarskatti

sé óheimilt að draga frá reiknaðan tekjuskatt félags vegna tekna viðkomandi reikningsárs.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 2/2012

Ríkisskattstjóri svaraði fyrirspurn þar sem óskað var eftir túlkun embættisins á því hvernig fara bæri með gengismun í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2003 þegar um væri að ræða gengistryggð lán sem hefðu verið endurútreiknuð.

Í svarinu kemur fram að um endurútreikning ólögmetra gengistryggðra lána fari eftir ákvæðum 8. tölul. bráðabirgðaákvæðis XXXVI. laga nr. 90/2003. Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 6/2011 er fjallað um hvernig slíki leiðréttingu skuli hagað í framkvæmd, en þar er miðað við að leiðrétting sé færð á skattframtal þess árs þegar endurreikningur lánanna fer fram, enda liggja ekki fyrir fyrir en á þeim tíma að hve miklu leyti kostnaður hefur verið offærðu miðað við nýja stöðu lánsins.

Niðurstaða leiðréttingarinnar á að fela í sér að eingöngu sá fjármagnskostnaður sé gjaldfærður sem hefði fallið til hefðu skilmálar lánsins frá upphafi verið í samræmi við þá lánaskilmála sem endurútreikningur byggir á. Líta ber til gjaldfærðs fjármagnskostnaðar frá lántökudegi til þess dags þegar endurútreikningur fer fram og heildargjaldfærsla á láninu frá upphafi leiðrétt til samræmis við fjármagnskostnað samkvæmt hinum nýju forsendum. Endurútreikningur felur í sér umbreytingu láns með gengisviðmiðun í hefðbundið vaxtaberandi lán í íslenskum krónum. Ákvæði laga um gengismun eiga því ekki við. Leiðir það meðal annars til þess að hafi gengismunur verið tekju- eða gjaldfærður í samræmi við 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. eða 4. tölul. 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/2003 skal taka tillit til þess við leiðréttingu á heildarfjármagnskostnaði og það sem eftir stendur leiðrétt á þann hátt á því ári sem endurútreikningur fer fram.

Þá segir ríkisskattstjóri varðandi eftirgjöf lögmæts gengistryggðs láns að ákvæði laga nr. 90/2003 um tekjufærslu eftirgjafar skulda nái til heildarfjárhæðar eftirgjafar óháð því hvernig hún er samsett, þ.e. hvort um er að ræða höfuðstól, vexti, verðbætur eða gengismun.

Skatta- og lögfræðisvið PwC

Við hjá Skatta- og lögfræðisviði bjóðum upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

- Alþjóðlega skattaráðgjöf
- Félagarétt
- Milliverðlagningu („Transfer pricing“)
- Samruna, skiptingar og yfirtökur
- Skattlagningu einstaklinga
- Skattlagningu rekstraraðila
- Virðisaukaskatt

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sviði skatta- og félagaréttar og veita viðskiptavinum aðstoð og ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitaefni sem skapast innanlands sem og erlendis.

Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Ábyrgðarmaður

Friðgeir Sigurðsson
Sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs
Sími: +354 550 5366
fridgeir.sigurdsson@is.pwc.com

Ritstjóri

Jóhanna Á. Jónsdóttir
Ráðgjafi/lögfræðingur
Sími: +354 550 5356
johanna.a.jonsdottir@is.pwc.com

PwC | Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík | S. 550 5300 | Fax:550-5301 | www.pwc.com/is

Þessi samantekt felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að hafast samkvæmt vefriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers ehf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu vefriti eða aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

©2009 PricewaterhouseCoopers ehf. Allur réttur áskilinn. "PricewaterhouseCoopers"vísar til PricewaterhouseCoopers ehf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki innan PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.